

Miðvikudaginn 20. október 1954.

Nr. 121/1954. Ákærvaldið (Pórólfur Ólafsson)

gegn

Gunnari Héðni Jakobssyni

(Jón Ólafsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds borgardómari og Theodór B. Líndal prófessor.

Þjófnaðarbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá verður ákærða og dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, kr. 700,00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Pórólfs Ólafssonar og Jóns Ólafssonar, kr. 700,00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1954.

Ár 1954, mánudaginn 24. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í hegningarhúsinu af Halldóri Þorbjörnssyni, fulltrúa sakadómarar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2301/1954: Ákærvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Í máli þessu er Gunnar Héðinn Jakobsson, Tryggvagötu 6 hér í bæ, ákærður fyrir að hafa framið brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940 (þjófnað), með því að stela úr herbergi að Laugavegi 132 einum karlmannsfötum, frakka, skyrtu, bindi, kvenmannsúri og 300 kr. í peningum að kvöldi þriðjudagsins 30. marz

1954. Ákærist hann til refsingar, sviptingar réttinda skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er fæddur 5. febrúar 1930 og hefur áður sætt þessum kærur og refsingum:

Rvík.

1937 20/12 Kærður fyrir flöskupjófnað. Afgr. til barnaverndarn.

1948 25/6 Kærður fyrir þjófnað. Fallið frá málshöfðun skv. bréfi dómsmrn. 30/9 1948.

1951 12/11 Uppvís að þjófnaði. Saksókn felld niður skv. bréfi dómsmálarn. með hliðsjón af 256. gr. hegningarl.

1952 4/10 Dómur, 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi og sviptur ökuréttindum í eitt ár.

1952 21/10 Dómur, 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarl.

1954 31/1 Kærður fyrir ökugjaldssvik. Fellt niður.

1954 26/3 Dómur, fangelsi 6 mánuði, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.

Auk þess hefur hann í 21 skipti á árunum 1948—1954 undirgengið greiðslu sektar, 25—200 kr., fyrir ölvun.

Að kvöldi þriðjudagsins 30. marz sl. kom ákærður heim til Helgu Sigurveigar Helgadóttur, Laugavegi 132, en ákærður þekkir hana. Hún var ekki heima, en ákærður settist inn í herbergi hennar. Kveðst ákærður hafa ætlað að biða hennar, en farið burt, er það dróst, að hún kæmi. Ákærður tók þarna úr skáp skyrtu, bindi, alfatnað og frakka og klæddi sig í fót þessi og hafði á brott með sér. Fatnaðinn átti maður Helgu, Jóhann Eliasson. Þá tók ákærður úr, er Helga átti, og peninga, að upphæð 300 kr. Peningunum eyddi ákærður, en fatnaðurinn allur svo og úrið komust til skila. Bótakröfur komu ekki fram.

Ákærður hefur þannig framið brot það, er ákæra tilgreinir, og varðar það við 244. gr. laga nr. 19/1940, svo sem þar segir, og ákveðst refsing ákærðs 4 mánaða fangelsi. Svipta ber ákærðan kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga skv. 3. mgr. 68. gr. hegningarlaganna og dæma hann til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærður, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi í 4 mánuði. Hann er sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.